

Glerárskóli

Afhending 2020/3

Árið 1908 var fyrsta skólahúsið í Glerárporpi byggt, Ós við Óseyri. Þar var ein kennslustofa og voru nemendurnir 18. Fyrsti skólastjóri skólans var Pétur Finnbogason, en hann gegndi því embætti til 1938.

Árið 1937 var skólastarf skólans flutt í Árholt, húsnæði sem byggt var á Melgerðisási. Þar voru 3 skólastofur og nemendur í kringum 100. Árið 1960 var byggt við Árholt og rúmaði viðbyggingin eina kennslustofu, kennarastofu, geymslu og snyrtingar.

Árið 1971 var fyrsta skóflustungan tekin að nýju húsnæði fyrir skólann, aðeins fyrir norðan og vestan Árholt. Árið 1972 var fyrsta álma nýs húss tekin í notkun og önnur álma var tekin í notkun árið 1973. Árið 1996 var svo þriðja álma hússins tekin í notkun en þar er bókasafn, kennarastofur og skrifstofur skólastjórnenda.

Árið 1977 var íþróttahús skólans tekið í notkun og árið 1988 var hafist handa við byggingu sundlaugar við Glerárskóla. Sundlaugin var tekin í notkun fyrir sundkennslu í janúar 1990 og stuttu eftir það var hún opnuð fyrir almenning.

Árið 2019 var ráðist í töluverðar endurbætur á húsnæði Glerárskóla og voru B-álman og íþróttahúsið endurnýjuð að innan.

Skólastjórar:

Pétur Finnbogason	1908 – 1938
Haraldur Vilhjálmsson	1938 – 1946
Hjörtur L. Jóhannesson	1946 – 1967
Vilberg Alexandersson	1967 – 2002
Úlfar Björnsson	2002 – 2011
Eyrún Halla Skúladóttir	2011 -

Afhendingin barst frá Brynju Sigurðardóttur, ritara Glerárskóla. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2011/27 og 2018/7.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
26. febrúar 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Glerárskóli			2020 / 2
B-Málaskrá og málafn			
BB-Málafn - 01-201		Málafn almennt	2015 - 2016
2020 - BB / 23	1	2015- 2016	Lestrarvagninn. Miðar (lestarvagnar) frá lestrarátaki meðal nemenda á miðstigi skólaárið 2015-2016.
			Eftir að nemendur lásu bók fylltu þau út miðana og bættu vögnum í lestina